

Viðauki IV

Helstu verkefni verkefnisstjóra – starfslýsing. „Heiti á verkefni í Bb“ (samanber t.d. „Sterkur Stöðvarfjörður“)

Verkefnisstjóri í samstarfsverkefninu „Heiti á verkefni í Bb“ (hluti Brothættra byggða, verkefnis Byggðastofnunar).

Framkvæmd verkefna undir hatti Brothættra byggða byggir á verkefnislýsingu, sem samþykkt hefur verið af stjórn Byggðastofnunar og verklag er þannig í aðalatriðum samræmt um land allt. Í verkefninu mótar verkefnisstjórn þess og verkefnisstjóri framtíðarsýn og verkefnisáætlun sem byggir á greiningu og stefnumótun sem meðal annars verður til á íbúðapingi og er endurskoðuð reglulega, í samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Framkvæmd verkefnisins í þriðja og fjórða áfanga grundvallast á ofangreindri stefnumótun og verkefnisáætlun. Verkefnisstjórn leiðir verkefnið og ber ábyrgð á því, faglega og fjárhagslega, gagnvart Byggðastofnun og öðrum þátttakendum.

Hlutverk verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri gegnir hlutverki leiðtoga í verkefninu „Heiti á verkefni í BB“, ásamt verkefnisstjórn og starfar í umboði hennar. Verkefnisstjóri fylgir eftir stefnu og markmiðum verkefnisins, eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma. Verkefnisstjóri er tengiliður milli verkefnisstjórnar og íbúa, fyrirtækja og annarra hagsmunaaðila og vinnur að valdeflingu samfélagsins. Auk þess er verkefnisstjóri tengiliður við Byggðastofnun og aðra þátttakendur í verkefninu. Skilyrði er að verkefnisstjóri sé starfandi í viðkomandi byggðarlagi.

Grunnþjálfun

Verkefnisstjóra er boðið á námskeið á vegum Byggðastofnunar um verklag skv. hugmyndafræði Brothættra byggða í upphafi starfs. Verkefnisstjóri tekur þátt í samstarfi verkefnisstjóra í Brothættum byggðum og hliðstæðum byggðaþróunarverkefnum á verkefnistímanum svo sem samráðs- og fræðslufundum í fjarfundi. Einnig mögulegum staðfundum þar sem verkefnisstjórar og fulltrúar Byggðastofnunar hittast til að fara yfir verklag og önnur þau mál sem auðga starfið í Brothættum byggðum.

Ábyrgð verkefnisstjóra

Verkefnisstjóri ber ábyrgð á stjórnun verkefnisins. Í því felst meðal annars ábyrgð á eftirfarandi:

- Að unnið sé samkvæmt stefnu og markmiðum verkefnisins skv. verkefnisáætlun og að sá grunnur sé endurskoðaður árlega.
- Að stuðla að virku samtali og samstarfi við íbúa, á vettvangi þar sem allir hafa jafna möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.
- Stjórnun/utanumhald í einstökum verkefnum eftir því sem verkefnisstjórn ákveður og/eða verkefnisstjóri telur mikilvæg.

- Að koma á og viðhalda tengslum við hagsmunaaðila.
- Reglubundinni og vandaðri upplýsingagjöf um verkefnið innan samfélags og út á við s.s. á samfélagsmiðlum og fréttamiðlum
- Daglegum rekstri verkefnis, þar með talið utanumhald fjármála eftir því sem við á.
- Gerð ársskýrslu í lok hvers árs, með uppgjöri um helstu atriði úr starfinu liðið ár. Byggðastofnun leggur til sniðmát fyrir ársskýrsluna.
- Að styðja við frumkvæði íbúa og annarra frumkvöðla í byggðarlaginu.
- Að halda utan um styrkjamál og eftirfylgni styrkja úr Frumkvæðissjóði verkefnisins í samráði við landshlutasamtök.

Nánari lýsing:

Verkefnisstjóra verkefnisins er ætlað að hafa yfirsýn yfir þau verkefni sem tengjast samstarfsverkefninu „Heiti á verkefni í BB“, það er verkefnastofni þess. Einnig að vinna að einstökum verkefnum í samráði við hagsmunaaðila eftir því sem umgjörð þeirra og eignarhald gefur tilefni til. Í þessu felast meðal annars eftirtalin atriði sem skiptast í tvo flokka:

Stefnumótun, skilgreining verkefna og verkefnisstjórn:

- Vinna með verkefnisstjórn að því að fara yfir niðurstöður íbúapings og íbúafunda og móta virðiskeðju fyrir verkefnið í heild og verkefnastofn sem samanstendur af einstökum starfsmarkmiðum (undirverkefnum) sem fylgja þarf eftir. Í því felst meðal annars að gera verkefnislýsingu, skilgreina meginmarkmið, starfsmarkmið, tímaáætlun og mælikvarða á árangur. Enn fremur að skilgreina ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig og hverjir eru helstu samstarfs- og/eða hagsmunaaðilar.
- Móta og uppfæra með reglubundnum hætti yfirlit yfir verkefni og stöðu þeirra miðað við skilgreind meginmarkmið, starfsmarkmið og mælikvarða, sbr. ofanritað. Í þessu felst meðal annars að hafa reglulegt samráð við ábyrgðaraðila einstakra verkefna um stöðu verkefnanna og framgang þeirra miðað við áætlun. Æskilegt er að verkefnisstjóri hafi frumkvæði að og stýri verkefnum er falla að markmiðum í samstarfsverkefninu „Heiti á verkefni í Bb“, einnig að hvetja frumkvöðla og aðstoða og ýta þannig undir frumkvæði og ábyrgð þeirra.
- Vera vakandi fyrir tækifærum og móta hugmyndir um verkefni sem falla að áherslum í verkefninu Brothættar byggðir en hafa ekki verið á dagskrá. Koma slíkum verkefnum í farveg í samráði við verkefnisstjórn og aðra hagsmunaaðila.
- Vinna að gerð árlegrar stöðuskýrslu fyrir verkefnið í samráði við verkefnisstjórn.
- Halda utan um styrkjamál úr Frumkvæðissjóði verkefnisins svo og eftirfylgni styrkja í samráði við landshlutasamtökin og Byggðastofnun. Sjá nánari útlistun í viðauka V.

Samstarf og miðlun upplýsinga:

- Upplýsa verkefnisstjórn um gang mála með reglulegum hætti og undirbúa og boða fundi hennar frá og með upphafi þriðja áfanga hafi verkefnisstjórn óskað eftir því og samkvæmt verklagi sem verkefnisstjórn hefur komið sér saman um.
- Koma á tengslum við helstu hagsmunaaðila hinna ýmsu verkefna í samráði við verkefnisstjórn, þar með talið leiðtoga fyrirtækja, félagasamtaka og annarra hópa eftir því sem því verður við komið.
- Undirbúa og boða fundi á vegum verkefnisins, þ.m.t. íbúafundi sem lagt er til að verði haldnir árlega skv. almennri verkefnislýsingu fyrir verkefnið Brothættar byggðir.

- Hvetja til virkrar þátttöku íbúa á íbúafundum svo og í umræðu- og starfshópum sem hafa verið eða kunna að vera skipaðir í þágu verkefnisins.
- Styðja við frumkvöðla og grasrótarstarf íbúa t.d. með því að veita endurgjöf á verkefnishugmyndir, aðstoða við umsóknir í Frumkvæðissjóð byggðarlagsins og/eða aðra sjóði, eða stuðla að vinnu og aðstoða t.d. áhugahópa íbúa sem vilja vinna að tilteknum framfaramálum.
- Koma á framfæri upplýsingum um verkefnið heima í héraði og á landsvísu eftir því sem við á. Þetta felur í sér m.a. að útbúa efni á heimasíðu byggðarlagsins og/eða heimasíðu viðkomandi landshlutasamtaka í samstarfi við viðeigandi aðila og verkefnisstjórn. Senda fréttir á póstlista þar sem það á við. Einnig að vekja athygli á verkefninu á samfélagsmiðlum m.a. með birtingu fréttar af framgangi verkefna úr byggðarlaginu og nýta jafnframt sem upplýsingaveitu vegna funda og þ.h. Jákvæðar og vandaðar fréttir af starfinu geta stuðlað að eflingu byggðarlagsins í víðum skilningi.

Auk þess sem hér er talið, vinnur verkefnisstjóri að öðrum þeim verkefnum sem verkefnisstjórn kann að fela honum.